

30. JANÚAR
2025

HARPA
ELDBORG

Ari Þór og Osmo Vänskä



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

In the South 21'

Fiðlukonsert 33'

Konsert fyrir hljómsveit 35''

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Ari Þór og Osmo Vänskä

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 30. JANÚAR KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Osmo Vänskä

hljómsveitarstjóri

Ari Þór Vilhjálmsson

einleikari

Edward Elgar

In the South (1904)

Þórður Magnússon

Fiðlukonsert (2024) – Frumflutningur

I Largo – Allegro moderato

II Largo

III Presto

Hlé

Jennifer Higdon

Konsert fyrir hljómsveit (2002)

I

II

III

IV

V

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Osmo Vänskä

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur í gegnum starf sitt með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar árin 1993–96, aðalgestastjórnandi hennar 2014-19 og hefur verið heiðursstjórnandi frá 2017.

Vänskä er klarínettuleikari og starfaði sem slíkur við fílharmóníusveitirnar í Turku og Helsinki á árunum 1971-1982. Hann lærði hljómsveitarstjórn við Sibelíusar-akademíuna og hlaut fyrstu verðlaun í hljómsveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982. Í framhaldi af því vann hann sér sess sem afburða hljómsveitarstjóri, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, þar sem hann var aðalstjórnandi í tvo áratugi, BBC-hljómsveitinni í Skotlandi og Sinfóníuhljómsveitinni í Minnesota en hann var aðalhljómsveitarstjórnandi sveitarinnar á árunum 2003 – 2022 og er nú heiðurshljómsveitarstjóri hennar. Vänskä vakti mikla eftirtekt fyrir starf sitt með sveitinni en hann stýrði hljómsveitinni í rómuðum hljóðritunum á öllum sínfóníum Beethovens, Sibelíusar og Mahlers sem út komu hjá BIS-útgáfunni.

Osmo Vänskä hefur verið fastagestur hjá fremstu hljómsveitum austan hafs og vestan. Má þar nefna fílharmóníusveitirnar í New York og Los Angeles, Cleveland- og Fíladelfíu-hljómsveitirnar, sínfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og San Francisco, Berlínarfílharmóníuna, helstu hljómsveitir Lundúnaborgar, Fílharmóníusveit Vínarborgar, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam og Gewandhaushljómsveitina í Leipzig. Hann var á árunum 2020-2023 aðalhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitarinnar í Seoul í Suður-Kóreu.



Ari Þór Vilhjálmsson

EINLEIKARI


Ari Þór Vilhjálmsson er búsettur í Tel Aviv þar sem hann starfar sem leiðari 2. fiðlu Fílharmoníusveitarinnar í Ísrael. Hann fæddist í Reykjavík árið 1981 og lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2001 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Hann stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum þar sem helstu kennarar hans voru Almita og Roland Vamos, Rachel Barton Pine og Sigurbjörn Bernharðsson.

Ari starfaði við Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 2006 - 2015 en flutti þá til Finnlands og tók við leiðarastöðu í Fílharmoníusveitinni í Helsinki. Ari hefur komið fram sem einleikari með hljómsveitum í Bandaríkjunum, Finnlandi og á Íslandi. Hann hefur dálæti á kammertónlist og spilar hana reglulega, m.a. með tónlistarhópum sem hann hefur átt þátt í að stofna; Helsinki Chamber Soloists og Montefiore Ensemble í Tel Aviv.

Ari hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík, Sibeliusarakademíuna og nú við Háskólann í Tel Aviv. Hann er framkvæmdastjóri og kennari við Alþjóðlegu tónlistarakademíuna í Hörpu (HIMA) sem hefur verið haldin árlega síðan 2013.

Ari Þór er í þann mund að taka við listrænum taumum og formennsku nýrrar stjórnar Kammermúsíklúbbsins. Í sumar verður hann einn af 70 listamönnum sem koma fram á alþjóðlegu kammertónlistarhátíðinni í Kuhmo í Finnlandi, sem er ein af stærstu kammertónlistarhátíðum Evrópu.

Ari hefur áður leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvíkonsert Brahms, þríkonsert Beethovens, Poème eftir Chausson og í fiðlukonsertum eftir Hafliða Hallgrímsson, Shostakovitsj, Tsjaikovskíj, Saint-Saens og Mozart.



Edward Elgar

IN THE SOUTH (ALASSIO)

Konsertforleikurinn *In the South* eftir Edward Elgar (1857 – 1934) hljómaði fyrst í mars 1904 í Óperuhúsinu í Covent Garden á þriggja daga tónlistarhátíð sem helguð var tónlist Elgars. Stjarna tónskáldsins var tekin að skína skært um þær mundir, nokkrum árum áður voru bæði *Enigma-tilbrigðin* (1899) og *Draumur Gerontiusar* (1900) frumflutt og í framhaldi flutt af hljómsveitum víða um lönd. Englendingar voru að eignast alþjóðlega stórstjörnu á sviði tónsmíða, þá fyrstu frá því á dögum Henry Purcell (1659 – 1695) og stemningin í Covent Garden eftir því. Troðfullt hús upp í rjáfur þar sem konungshjónin Játvarður sjöundi og eiginkona hans Alexandra heiðruðu samkomuna með nærveru sinni.

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tvívegis flutt konsertforleikinn *In the South*; á tónleikum í Háskólabíói árið 2009 undir stjórn enska hljómsveitarstjórans Rumon Gamba, páverandi aðalhljómsveitarstjóra sveitarinnar og einnig undir stjórn Yan Pascal Tortelier árið 2015, þá undir nafninu *Á suðurslóðum*.

Verkið var samið í Alassio á Ítalíu, veturinn 1903–1904 þar sem Elgar og eiginkona hans Alice, dvöldu um þriggja mánaða skeið, fjarri enskum vetrarsagga. Elgar hafði raunar ætlað að nýta Ítalíudvölinu til að semja sína fyrstu sinfóníu sem frumflutt skyldi á fyrrnefndri tónlistarhátíð, ekkert varð af þeim skrifum en þess í stað einbeitti Elgar sér að konsertforleiknum sem hér hljómar, innblásinn af sögu, menningu og náttúrufegurð Ítalíu.

In the South er í einum samfelldum, blæbrigðaríkum þætti. Verkið hefst með mikilli ólgu, málmb læstri, glitrandi strengjum og klukkuslætti. Smám saman tekur treginn völdin þar sem angurværar hendingar svífa á milli tréblásara og dempaðra strengja. Brátt breytist andrúmsloftið og við taka dýpri undirtónar og dramatískar ómstríður. Enn eiga sér stað umskipti þegar undurblið laglína fyrir einleiksvíolu tekur að hljóma við brothættan undirleik hljómsveitarinnar. Það er líkt og tíminn standi í stað og eilífðin ráði ríkjum. Fyrr en varir erum við svo hrifin inn í brimrótið á nýjan leik þar sem hljóðfærin kasta á milli sín fjörugum og óuttreiknanlegum stefjunum. Að loknum stuttum og angurværum kafla lýkur verkinu svo með lúðræpyt og glæsibrag.



Tónlistin og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Þetta er frumflutningur
á Fiðlukonserti Þórðar
Magnússonar.

Þórður Magnússon

FIÐLUKONSERT (2024)

Þórður Magnússon (f. 1973) lauk prófi í tónsmíðum og tónfræði við framhaldsdeild Tónlistarskólans í Reykjavík vorið 1996 og nam í kjölfarið við Conservatoire de Paris sem handhafi verðlauna sem kennd eru við Jean-Pierre Jacquillat auk þess sem hann hefur sótt námskeið og fyrirlestra hjá Philippe Manoury, Magnus Lindberg og fleirum.

Á verkalista Þórðar má finna tónverk af ólíkum toga; sínfónísk verk, fjölmörg kammerverk fyrir fjölbreytilegar hljóðfærasamsetningar; einleiksverk, kórverk og verk fyrir söngrodd og hljóðfæri. Þórður hefur látið mikið til sín taka á sviði útsetninga, má þar nefna sínfónískar útsetningar hans á tónlist Megasar, Jónasar Sig og Laufeyjar Lín auk fjölmargra annarra. Þórður endurgerði kvikmyndatónlist Jórunnar Viðar við *Síðasta bæinn í dalnum* sem flutt var á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar 2018 og samdi nýja kvikmyndatónlist við *Sögu Borgaraættarinnar* að beiðni Sinfonia Nord sem út kom á plötu árið 2021.

Þórður hlaut árið 2004 tilnefningu til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir verkið *Ó Jesú eðlablómi* fyrir sópran og strengjakvartett og það sama ár Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir Sinfóníu sína en hann hefur auk þess margoft verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Tónlist Þórðar hefur oft verið á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands en á meðal verka sem hljómsveitin hefur flutt eru *Sinfónía* (2004), *Það mótlæti þankinn ber* (2007), *Námur* (2010) og *Píanókonsert* (2016) sem Víkingur Heiðar Ólafsson frumflutti með hljómsveitinni.

Frá svipuðum tíma voru fyrstu drög fiðlukonsertsins lögð en verkið kallast að sögn Þórðar á við píanókonsertinn hvað varðar form, umfang og lengd auk þess sem báðir konsertarnir gera miklar tæknilegar kröfur til einleikaranna.

Fiðlukonsertinn er glæsileg smíð, hádramatísk, ljóðræn og grípandi. Verkið hefst með hægum og syngjandi fiðlueinleik áður en við tekur svokölluð tvöföld framsaga þar sem öll stef kaflans eru kynnt, fyrst af hljómsveitinni og síðan með fiðlunni í forgrunni. Yfirbragðið er dökkt og áleiðið, jafnvel nístandi á köflum. Annar þátturinn er hægur, tregafullur og undurfagur og gaman að geta þess að sé mjög vel hlustað má greina óminn af *Nardis* eftir Miles Davis sem Bill Evans gerði frægt en fyrsta stef þáttarins er innblásið af þessum frábæra, eilítið exótíska jazzslagara. Þriðji þátturinn er svo kraftmikill og dansandi þar sem ólíkar takttegundir keppast um athygli hlustandans. Stefi úr öðrum kafla bregður fyrir áður en gáskafullir glisstónar hljóma í fiðlunni og að lokum er tekið á sprett í tilkomumiklu niðurlagi.



Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveitin

Konsert fyrir hljómsveit
er þriðja verkið eftir
Jennifer Higdon sem
Sinfóníuhljómsveit
Íslands flytur á
tónleikum. Árið 2019
flutti Sinfóníuhljómsveitin
Fiðlukonsert ásamt
Benjamin Beilman og árið
2023 hljómsveitarverkið
blue cathedral.

Jennifer Higdon

KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT (2002)

Jennifer Higdon (f. 1962) er eitt fremsta samtímatónskáld Bandaríkjanna og hefur hún hlotið margvísleg verðlaun fyrir verk sín. Hún hlaut Pulitzer verðlaunin í tónlist árið 2010 fyrir Fiðlukonsert sinn. Þá hefur hún hlotið þrenn Grammy-verðlaun; fyrir Slagverkskonsert árið 2010, Víðlukonsert árið 2018, og Hörpukonsert árið 2020. Fyrsta ópera Higdon, *Cold Mountain*, hlaut Alþjóðlegu óperuverðlaunin fyrir besta heimsfrumflutning og var hljóðritun á óperunni tilnefnd til tveggja Grammy-verðlauna. Árið 2018 hlaut Higdon hin virtu Nemmers verðlaun frá Northwestern-háskólanum, sem eru veitt samtímatónskáldum sem hafa skarað fram úr og haft veruleg áhrif á sviði tónsmíða. Nýverið var hún gerð að heiðursfélaga í bæði American Philosophical Society og hinum virta félagsskap American Academy of Arts and Letters sem ætlað er að efla og styðja við listsköpun á sviði myndlistar, tónlistar og bókmennta í Bandaríkjunum.

Konsert fyrir hljómsveit var saminn að beiðni hinnar heimsþekktu sinfóníuhljómsveitar, Philadelphia Orchestra og frumfluttur í júní árið 2002 undir stjórn þáverandi aðalhljómsveitarstjóra sveitarinnar, Wolfgang Sawallisch. Verkið hefur hlotið frábærar viðtökur og verið flutt af hljómsveitum víða um heim. Í aðalhlutverki er hið stórfenglega hljóðfæri, sinfóníuhljómsveitin, með sínum óendanlegu blæbrigðum og margbreytilega litrófi. Þættirnir eru fimm og kallast þannig á við hljómsveitarkonsert ungverska tónskáldsins Béla Bartók sem Sinfóníuhljómsveitin í Boston frumflutti árið 1943 undir stjórn Sergei Koussevitzky.

Í verkinu vinnur Higdon með miklar andstæður þar sem ólíkar hljóðfæradeildir eru í sviðsljósinu. Í öðrum þætti er hljómpýður og taktfastur strengjaleikur í forgrunni og í þriðja þætti fá fingerð einleikshljóðfæri að njóta sín í hæglátum og hugleiðslukenndum þætti. Litadýrðin er mikil í fjórða þætti verksins þar sem óráviddir slagverksins eru kannaðar og hljómsveitin öll er svo nýtt í upphafs- og lokaðætti verksins en verkið hljómar í fyrsta sinn á tónleikum á Íslandi hér í kvöld.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Hulda Jónsdóttir
Viktor K. Stenhjem
Laura Liu
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Joanna Bauer
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Pétur Björnsson
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Justyna Bidler
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þóriris
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórhildur Magnúsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hjörtur Páll Eggertsson
Urh Mrak

Bassi

T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir
Anna Winter

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir
Britta Cortabarría

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley
Gunnhildur Einarsdóttir

Píanó

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Emil Þorri Emilsson
Kjartan Guðnason

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

06.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eva stjórnar Mahler

Sinfónía nr. 9 eftir Gustav Mahler er stórvirki í öllum skilningi þess orðs. Hún tekur um 90 mínútur í flutningi og krefst stórrar sífóníuhljómsveitar. Í verkinu vinnur tónskáldið með stórar og miklar tilfinningar en þetta var síðasta sífónían sem Mahler lauk við. Sinfónían er óhefðbundin í þeim skilningi að hægu kaflarnir eru í upphafi og lokin og hefur fjórði og síðasti kafllinn verið túlkaður sem kveðja Mahlers til heimsins í kjölfar andláts Önnu Maríu dóttur hans og hjartveiki hans sjálfs. Hljómsveitarstjórinn Herbert von Karajan mun hafa sagt að tónlist níundu sífóníunnar eigi uppruna sinn í öðrum heimi og komi úr eilífinni.

Verk Önnu Þorvaldsdóttur, ax, er hljómsveitarverk sprottið úr tónverki hennar METAXIS, sem frumflutt var í alrými Hörpu í upphafi Listahátíðar vorið 2024, en METAXIS var samið fyrir „tvístraða hljómsveit og rými“ þar sem ómríkt fordyri Hörpu batt saman leik hljóðfærahópa sem léku hver í sínu horni. Hljómsveitarstjóri er Eva Ollikainen.

20.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Rómantíska sífónían

Sinfóníur Antons Bruckner hafa verið nefndar dómkirkjur í tónum því þær eru stórar að vexti og inntak þeirra djúpt og stórbrotið. Fjórða sífónía Bruckners var lengi í smíðum og endurskrifaði hann stóran hluta hennar áður en hún var frumflutt árið 1881 við góðar undirtektir. Hann gaf sífóníunni undirtitilinn hin rómantíska sem má túlka sem virðingavott við þýsku rómantísku tónskáldin en í verkinu má finna enduróm allt frá Weber og Schumann til Wagners.

Katie Buckley er einleikari í hörpukonsert Lottu Wennäkoski sem ber heitið Sigla. Frægðarsól Wennäkoski hefur risið hratt á síðustu árum. Hún hefur samið hljómsveitarverk, óperur, kammertónlist og söngverk og er tónlist hennar reglulega flutt um allan heim. Tónleikarnir hefjast á hinum léttleikandi forleik að Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Hljómsveitarstjóri er Eva Ollikainen.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Skráðu þig í Vinafélag Sinfóníunnar

Vinafélagið er öflugur vettvangur fyrir þau sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar varða. Félagið stendur fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum um sígilda tónlist og styrkir einnig ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni.

Árgjaldið er **5.000 kr.**
Einnig er hægt að velja **frjáls
framlög** á vef hljómsveitarinnar
sinfonia.is/vinafelag.

Hægt er að skrá sig hér →

